

MENNTASTEFNA DALVÍKURBYGGÐAR 2021-2026

Inngangur

Menntun og nám barna er mikilvægur þáttur í öllum samfélögum og í hverju barni býr fjársjóður sem þarf að rækta á markvissan og fjölbreyttan hátt. Þetta er mikilvægt þar sem búa þarf nemendur undir framtíð sem er óráðin. Í menntastefnu Dalvíkurbyggðar er lögð áhersla á samstarfsmenningu sem nær til allra hagsmunaaðila í skólasamfélaginu með uppbyggingu lærdómssamfélags í skólunum.

Fræðsluráð Dalvíkurbyggðar lagði til í ágúst 2019 að endurskoða skólastefnu Dalvíkurbyggðar frá 2014. Í kjölfarið var stofnaður vinnuhópur sem sá um að leiða vinnuna ásamt skólaskrifstofu Dalvíkurbyggðar og skólaþróunarsviði Háskólans á Akureyri.

Menntastefnan er lýsing á þeim áherslum og vinnubrögðum sem samstaða hefur náðst um að viðhafa í starfi leik-, grunn- og tónlistarskóla, en þar er áherslan á skapandi og gagnrýna hugsun í forgrunni. Með menntastefnunni er lagður grunnur að menntun barna á öllum skólastigum, sem á að tryggja að þau verði fær um að stunda frekara nám og þátttöku í samfélaginu þannig að þau geti í framtíðinni átt farsælt lífshlaup.

Stjórnendur, kennarar og annað starfsfólk skólanna eru í lykilhlutverki við innleiðingu og framkvæmd stefnunnar og er stuðningur og eftirfylgni sveitarfélagsins forsenda þess að vel takist til.

Menntastefnan var mótuð í góðu og miklu samráði við fjölmarga aðila, foreldra, starfsfólk, kjörna fulltrúa og þar að auki fengu allir íbúar tækifæri til að koma ábendingum sínum og tillögum að á seinni stigum vinnunnar.

Ég vil þakka öllum þeim sem komu að mótun á þessari stefnu og sérstaklega vil ég þakka vinnuhópnum og Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri sem leiddu þessa vinnu.

Gísli Bjarnason

sviðsstjóri fræðslu – og menningarsviðs

Í HVERJU BARNI BÝR FJÁRSJÓÐUR

Skapandi skólastarf til móts við framtíðina

Leiðarstef menntastefnu Dalvíkurbyggðar er að í hverju barni búi fjársjóður. Grunnurinn að farsælu lífshlaupi einstaklinga er m.a. lagður með skólagöngu barna og ungmenna í leik- og grunnskólum. Það er því afar mikilvægt að vel takist til við að þroska bókvit, verkvit og siðvit sem grunn farsældar. Til þess að svo verði þarf hver einstaklingur að fá að njóta sín um leið og hann þroskar samkennd sína og hæfni til að lifa í því fjölmenningslega samfélagi¹ sem Dalvíkurbyggð er. Birtingarmyndin í skólastarfinu er kerfisbundin vinna með fjölbreytileikann.

Leiðarljós - sýn

Velferð og hagsmunir nemenda skulu því ávallt hafðir að leiðarljósi í öllu skólastarfi með það meginmarkmið í huga að stuðla að alhliða þroska, ábyrgð, metnaði og sjálfsþekkingu sem grundvallast á skapandi og gagnrýnni hugsun². Öflugt samstarf við foreldra er ein forsenda þess að skólastarfið verði farsælt. Skólastarf sem byggist á grunnþáttum menntunar og lykilhæfni eins og birtist í Aðalnámskrá á að stuðla að því að nemendur:

- auki hæfni sína til að starfa í lýðræðisþjóðfélagi,
- beri ábyrgð á eigin heilbrigði og velferð,
- séu læsir á umhverfi sitt,
- beri virðingu fyrir mannréttindum,
- læri að taka farsælar ákvarðanir um eigið líf og það síbreytilega samfélag sem þeir búa í, á grunni hugmynda um sjálfbærni.

Gildi

Starfshættir í skólum Dalvíkurbyggðar grundvallast á **virðingu, jákvæðni og metnaði**, þ.e. trú á því að allir geti náð árangri. Gott samstarf við foreldra sem sjá um uppeldi barna er mjög mikilvægt. Áhersla er lögð á jákvæða og uppbyggilega framkomu og viðhorf, bæði til nemenda og foreldra í því starfi sem fram fer. Starfsfólk skólanna axlar, ásamt foreldrum, sameiginlega ábyrgð á árangri nemenda og líðan þeirra í skólunum. Allt verklag skólanna byggir á því að hver og einn leggi alltaf sitt af mörkum til að allir nemendur nái tilætluðum árangri og átti sig jafnframt á því að allir verða að leggja sitt af mörkum, heildinni til framdráttar.

¹ Fjölmennning er hugtak sem er oftast ekki notað eitt og sér heldur er oft notað með öðrum tengdum hugtökum eins og „fjölmenningslegt samfélag“, „fjölmenningslegur skóli“ og þess háttar. Þegar talað er um fjölmenningu í þessu samhengi er talað um ólíkt fólk með margvíslega menningu sem býr og starfar saman á jafnréttisgrundvelli (GuðrúnPétursdóttir, 2006).

² Gagnrýnin hugsun felst í því að temja sér að nálgast mál með opnum huga, leyfa sér að vera spurull, vera ekki of íhaldssamur í skoðunum, sækjast eftir réttum upplýsingum og temja sér virðingu fyrir skoðunum annarra.

Einkenni gagnrýnnar hugsunar eru rökvísi, ígrundun og sköpun. Rökvísi felur í sér beitingu rökþrúnaðar. Slík beiting felur í sér að huga að orsakatengslum, athuga forsendur, þekkja helstu rökþrúnað og geta greint hvort röksemdafærslur eru gildar eða ekki. Jafnframt er nauðsynlegt að gæta að skilningi sem lagður er í mikilvæg hugtök. Ígrundun felur í sér forsendu þess að beita gagnrýnni hugsun: að staldra við og gefa sér tíma til að hugsa. Ígrundun felur í sér þá viðleitni til að setja ólíkar niðurstöður í samhengi og að skoða allar hliðar máls. Ígrundun gefur til kynna að gagnrýnin hugsun sé vönduð og fræðileg hugsun. Sköpun, eða skapandi hugsun, felur í sér viðsýni, það að nota ímyndunaraflíð, leyfa sér að hugsa út fyrir rammann eins og sagt er, að taka ekki öllu sem gefnum hlut og að gera ráð fyrir mögulegum afleiðingum þess að breyta í samræmi við skoðanir sínar.

Forsendur

Samfélagið breytist hratt og því er nær ómögulegt að sjá fyrir þann veruleika sem nemendur standa frammi fyrir þegar þeir ljúka skólagöngu sinni. Það sem skiptir hvern einstakling máli er að vera hæfur til að takast á við ný og síbreytileg verkefni – vitsmunaleg, líkamleg, tilfinningaleg og félagsleg.

Skipulag og stjórnun

Forysta skólustjórnenda er mikilvæg og þarf að grundvallast á umhyggju fyrir starfsfólki, nemendum og faglegum gildum³ eins og þeim að skólinn eigi að hafa hagsmuni nemenda í fyrirrúmi ásamt skýrri sýn á skólastarfið. Þeir stuðla að samhljómi meðal kennara, starfsmanna, nemenda og foreldra um stefnu og starfshætti. Stjórnendur virkja alla aðila til samstarfs um að hrinda stefnunni í framkvæmd, kynna stefnuna og tala fyrir henni innan og utan skólans.

Stjórnendur fylgjast markvisst með skólastarfinu og taka virkan þátt í, og standa reglubundið fyrir, faglegri umræðu um árangur starfsins.

Starfshættir einkennast af fjölbreyttum leiðum, teymisvinnu⁴, teymiskennslu⁵ og samþættu námi þvert á námsgreinar.

Stefnumörkun, innra mat og starfsþróun⁶

Samfélag 21. aldarinnar kallar eftir fólki með sköpunarkraft, sveigjanleika, sjálfstæði og samstarfshæfni. Starfsmenn framtíðarinnar þurfa að geta unnið sjálfstætt, verið lausnamiðaðir, axlað ábyrgð og þannig orðið faglega góðir samstarfsfélagar. Verkefni skólans og um leið kennara er að skapa nemendum aðstæður til leiks, náms og þroska í ljósi þessara áherslna. Hafa þarf í huga að sá tími er löngu liðinn að hægt sé að læra einu sinni til verka og það endist ævina á enda. Námið er því eitt leiðarstef menntastefnunnar.

Móta þarf skýra sýn í hverjum skóla þar sem áhersla er á fá meginmarkmið ásamt skilgreindum gæðaviðmiðum um árangur, sem sammæli er um í skólasamfélaginu.⁷

³ Fagleg gildi felast t.d. í því að skólinn eigi að hafa hagsmuni nemenda í fyrirrúmi ásamt skýrri sýn á skólastarfið.

⁴ Teymisvinna er þegar skilgreindur hópur starfsfólks ber sameiginlega ábyrgð á skipulagi eða úrlausn á sérstöku verkefni í skólastarfi, til dæmis skipulagi kennslu í tilteknum aldursþópi, úrlausn agamála, stefnumörkun eða skólaþróun.

⁵ Teymiskennsla felur í sér sameiginlega ábyrgð tveggja eða fleiri kennara á námi nemenda, kennslu, daglegum samskiptum og samstarfi með nemendahóp. Þeir vinna náið saman með nemendahóp og bera sameiginlega ábyrgð á námi, líðan og kennslu nemenda. Teymið lærir jafnframt saman í gegnum félagsleg samskipti og orðræðu, það er námsteymi (Andersen og Peterson, 1998; Goetz, 2000; Kroll-Schwartz, 2004; The Northern Nevada writing project Teacher-researcher group, 1996).

⁶ Starfsþróun er samfellt meðvitað og mótað ferli sem leiðir til umbóta og jákvæðrar þróunar. Hún er beintengd daglegu starfi kennara með nemendum og skipulögð í kringum raunveruleg viðfangsefni starfsins. Hún hefur skýran tilgang og markmið og miðar að því að efla færni og þekkingu starfsfólks skóla og auka gæði í starfi. Hún á sér stað í faglegu lærdómssamfélagi, er augljós og samofin hluti daglegs starfs fagfólks skóla og ber einkenni af menningu samfélags í þróun. Hún felur m.a. í sér formlegt nám, innleiðingu í starf á fyrsta starfsári, námskeið, rannsóknir á eigin starfi, þátttöku í þróunarverkefnum, ráðgjöf, ráðstefnur, fræðilestur, skólaheimsóknir svo eitthvað sé nefnt. Stefnumiðuð starfsþróun stuðlar að aukinni starfsánægju, hefur áhrif á árangur í starfi og minnkar líkur á kulnun eða brotthvarfi kennara úr starfi (Samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólustjórnenda, 2019)

⁷ Skólasamfélag er samfélag sem inniber starfsfólk skóla, nemendur og foreldra (Aðalnámskrá grunnskóla).

Reglubundið mat fer fram á skólastarfinu og niðurstöður eru nýttar til ígrundunar og þróunar á náms- og starfsháttum.

Stoðþjónusta er skipulögð í samræmi við reglugerð og tekur bæði til þjónustu við einstaka nemendur en einnig til skólastarfsins í heild og er þá sérstaklega horft til ráðgjafar vegna starfshátta og skipulags í skólastarfinu.

Leikur og námsumhverfi

Umhverfi skólastarfs einkennist af öryggi, fagmennsku og virðingu þar sem jákvæð samskipti og lýðræðislegir starfshættir eru í hávegum hafðir í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Námsumhverfi⁸ skólanna er sveigjanlegt og hlýlegt og þar er boðið upp á fjölbreytt gögn til leiks og náms, sem mæta áhugasviðum, þörfum og þroska nemenda.

Leikurinn er börnum sjálfsprottin leið til náms, þroska og skilnings. Nám í gegnum leik er því mikilvægur þáttur í skólastarfi. Leik má koma við innan allra námsgreina og námssviða. Mikilvægt er að allir nemendur fái tækifæri til að vera virkir í leik og starfi með öðrum börnum og að þeim séu skapaðar aðstæður til að sýna frumkvæði, nota ímyndunaraflíð, efla félagsleg tengsl og sjálfstæði.

Nemendur

Skýr áhersla er á persónumiðað nám þar sem styrkleikar hvers og eins nemanda eru nýttir og þeir eru virkir þátttakendur í skólastarfinu, þess vegna er áhersla á snemmtækan stuðning⁹ svo allir fái notið sín.

Nemendur hafa val um mismunandi leiðir í námi sínu þar sem lögð er rækt við skapandi vinnu, áhuga og þrautseigju. Áhersla er lögð á að byggja upp sjálfstraust og sjálfsvirðingu ásamt félagsfærni.

Komið er til móts við áhugasvið nemenda þannig að námið mótast að einhverju leyti af áhuga þeirra sem einstaklinga.

Nemendur fái þjálfun í upplýsinga-, miðla- og tæknilæsi. Samhliða hagnýtingu stafrænnar tækni skulu nemendur fá tækifæri til að auka þekkingu sína á persónuvernd og meðferð og greiningu upplýsinga.

Læsi er lykill að lífsgæðum og endurspeglar hæfni fólks til að skynja og skilja umhverfi sitt, náttúru og samfélag á gagnrýninn hátt og eflir það til virkrar þátttöku í mótun þess. Lestur er öflugasta tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti er forsenda þátttöku í lýðræðissamfélagi.

Dalvíkurbyggð er fjölmenningsamfélag sem nýtir þá auðlind sem felst í fjölmenningslegu skólastarfi¹⁰, fagnar fjölbreytileika nemenda og nýtir til að efla samfélagið.

⁸ Námsumhverfi er það umhverfi sem nemendur læra í. Námsumhverfið getur verið innan eða utan veggja skólanna, úti í náttúrunni, inni á safni, í verknámi eða annars staðar þar sem skipulagt nám fer fram.

⁹ Snemmtækur stuðningur eru aðgerðir sem gripið er til snemma í lífi barns eða frá fæðingu til u.þ.b. sex ára aldurs. Markmið snemmtæks stuðnings er að hafa sem mest áhrif á þroskafráfarir eins snemma á lífsleiðinni og unnt er.

¹⁰ Með áherslu á fjölmenningslega menntun er leitast við að nýta möguleika nemenda og viðurkenna ólíka stöðu þeirra með því að flétta saman og viðurkenna ólíka menningu ásamt að stuðla að auknu jafnrétti (Castles, 2009).

Starfsfólk

Í nútímasamfélagi, þar sem þekking eykst hratt, er útilokað að hver og einn ráði yfir allri þeirri þekkingu og hæfni sem þörf er á til að takast á við menntun í nútíð og framtíð. Samstarfsmenning¹¹, teymisvinna í skólum og eindrægni um stuðning við nám nemenda og starfsfólks er því nauðsynleg. Leggja skal áherslu á árangursmiðaða og persónumiðaða starfshætti, sem bæta vinnubrögð og drifa stöðugar umbætur áfram, svo allir nemendur nái árangri í námi.

Að byggja upp faglega hæfni starfsfólks til að takast á við stöðugar umbætur er hornsteinn þess að allir nái þeim árangri sem stefnt er að og prói skólastarfið til samræmis við þróun samfélagsins.

Fagleg hæfni verður byggð upp með því að innleiða hugmyndafræði lærdómssamfélags¹² í skólasamfélagið með áherslu á faglega teymisvinnu þar sem byggt er upp traust og virðing. Það er grundvöllur hreinskiptinnar faglegrar umræðu og leiðir af sér aukið sjálfstraust einstakra starfsmanna og starfsmannahópa. Það er grundvöllur þróunar og breytinga á starfsháttum og skólamenningu.

Foreldrar og grenndarsamfélag

Foreldrar bera ábyrgð á uppeldi barna sinna. Á þeim hvílir sú skylda að börnin sæki skóla og að þau séu móttækileg fyrir þeirri menntun sem skólinn býður upp á. Menntun og velferð nemenda er sameiginlegt verkefni heimila og skóla og samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, trausti, upplýsingamiðlun beggja aðila, sameiginlegum ákvörðunum og samábyrgð. Mesta áherslu ber að leggja á samstarf heimila og skóla um hvern einstakling, nám hans, velferð og að heimili og skóli séu vettvangur menntunar.

Tækniheimi nútímans og framtíðarinnar fylgir gríðarlegt magn upplýsinga, réttra og rangra. Því er hæfnin til að skilja á milli staðreynda og sagna og sannleika og lygi bráðnauðsynleg. Það þarf að huga að þessum veruleika í menntun nemenda og er það sameiginlegt verkefni heimila og skóla.

Leitast er við að nýta möguleikana sem felast í þeirri auðlind sem býr í grenndarsamfélaginu með það markmið að byggja upp jákvætt viðhorf nemenda til þess. Í því felst samvinna við stofnanir og félagasamtök, að nemendur rækti með sér umhyggju fyrir sínu nánasta umhverfi og þekki til sögu byggðar og samfélags Dalvíkurbyggðar.

¹¹ Samstarfsmenning er þar sem kennarar skuldbinda sig til að vinna saman og axla sameiginlega ábyrgð sem hópur á því að allir nemendur læri og nái árangri. Þar sem fólk tekur sameiginlega ábyrgð á árangri þeirra aðgerða sem farið er af stað með að frumkvæði þeirra. tengja kennarar sig ekki eingöngu við „mína nemendur“ í „minni kennslustofu“, heldur miklu frekar við „okkar nemendur“ í „okkar skóla“ (DuFour og Fullan, 2013; Hargreaves og Fullan, 2012).

¹² Sameiginleg ábyrgð á námi og árangri nemenda sem markmiðaðs alls skólastarfs, sameiginleg sýn og gildi, starfsþróun og samvirk fagmennska sem birtist meðal annars í skipulegum félagastuðningi, teymiskennslu og lausnamiðaðri samræðu, ígrundun og þekkingarskópun. Enn fremur má nefna stjórnskipulag og forystu sem setur umbætur á oddinn og leitast við að valdefla (e. empower) kennara sem umboðsmenn breytinga (e. agents of change) og skapa þeim starfsumhverfi sem miðar að tengslamyndun og samvinnu (DuFour og Fullan, 2013; Hargreaves og Fullan, 2012). Þannig er hugmyndafræði lærdómssamfélaga nátengd hugmyndum um fagmennsku og starfsþróun en sýnt hefur verið fram á að það eru kennarar og stjórnendur sem eru skuldbundnir hugmyndafræðinni sem einkum stuðla að varanlegum breytingum og námi (Fullan og Hargreaves, 2016). (Úr skýrslu frá 2019 eftir Birnu Maríu Svanbjörnsdóttur, Eddu Óskarsdóttur, Herminu Gunnþórsdóttur, Laufeyju Petreu Magnúsdóttur, Rúnar Sigþórsson og Trausta Þorsteinsson, Menntun fyrir alla – horft fram á veginn)